


| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 1 af 2 | Húsaviðgerðir og breytingar HÚB102 Námsáætlun vorönn 2017 | |

| | | | |
|----------------|--------------------|---------------|-----|
| Kennari | Ketill Sigurðarson | Sk.st. | KES |
|----------------|--------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um viðgerðir og breytingar á eldri byggingum og mannvirkjum úr tré og steini. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að varðveita byggingarsögulegt gildi húsa á sama tíma og reynt er að koma til móts við kröfur nútímans um endingu, þægindi og brunavarnir með hliðsjón af lögum og reglum. Farið er yfir greiningu á fúa- og steypuskemmdum, endurnýjun á burðarvirkjum, klæðningum, gluggum, hurðum og öðrum byggingarhlutum. Jafnframt lærir nemandinn um algenga breytingavinnu.


Áfanginn er ætlaður fyrir verðandi húsasmiði.

Markmið:

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki byggingarsögulegt gildi húsa og mannvirkja
 - þekki lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum hafi innsýn í byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi
 - geti lagt mat á afleiðingar mismunandi lausna fyrir varðveislugildi
 - geri sér grein fyrir mikilvægi brunavarna við viðgerðir og endurnýjun
 - þekki reglur um öryggi og öryggisbúnað við viðgerða- og breytingavinnu
- þekki algengustu skemmdir á tré, steinsteypu og málmum utanhúss
 - kunni skil á skemmdum af völdum sveppa og skordýra í tréverki
 - viti hvernig gert er við trévirki án þess að rýra burðargetu þess
 - geti greint steypuskemmdir og metið umfang þeirra í grófum dráttum
 - þekki orsakir og afleiðingar tæringar og veðrunar á málmum
- kunni skil á notkun bárujárns í klæðningar héraendis
 - þekki eiginleika og notkunarvið bárujárns sem klæðningarefnis
 - hafi þekkingu á uppbyggingu bárujárnsklæðninga og festingum
 - þekki frágang bárujárns við mismunandi byggingarhluta
 - hafi innsýn í málun og viðhald bárujárnsklæðninga
- þekki til nýsmíði við eldri hús og endurnýjun á gleri
 - þekki smíði glerskála, svala, kvista, sólpalla og skjólveggja við eldri hús
 - viti um tæknilegar útfærslur á tengingu eldri og nýrra byggingarhluta
 - þekki endurnýjun á gleri og útfærslur á glerjun hallandi byggingarhluta
 - kunni skil á mismunandi hurðakerfum í glerskálum og glervirkjum

| | | |
|------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.:23.02.2016 | | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 2 af 2 | Húsaviðgerðir og breytingar HÚB102 Námsáætlun vorönn 2017 | |

Námsgögn:

Kennslubók er ekki fyrir hendi en kennari notar safn heimilda um námsefnið sem er sett fram í fyrirlestrarformi með stuðningi ljósrita, mynda og heimilda af netinu.

Nemandi safnar saman upplýsingum úr tímum og býr til vinnuöppu

Áætlun um yfirferð og verkefni:

| Vika | Efni | Vægi |
|-------|--|------|
| 2 | Kynning á námsefni, verktilhögun og könnun á stöðu nemendahópsins. | |
| 3 | Byggingarasaga, þróun. | |
| 3-4 | Unnið heima eða á bókasafni um Þjóðminjalög, Húsafriðunarnefnd og húsafriðunarsjóð, (<i>hópavinna 3-4 nemendur</i>). | |
| 5 | Skil á verkefni 1 , umræður og flutningur verkefna | 15% |
| 6-8 | Grundun, undirstöður og sökklar gólfplötur Verkefni 2 | |
| 9 | Verkefni 2 | 10% |
| 10-12 | Útveggir- <i>Timbur, steypa</i> | |
| 13-16 | Innveggir, gluggar,breytingar Verkefni 3 | 7.5% |
| 13-16 | Tjón, fúi og mygla Verkefni 4 | 7.5% |
| 17-18 | Þök og upprifjun | |
| 2-18 | Skoðunarferðir á áhugaverða staði sem henta faggreininni. | |

Námsmat og vægi námsþátta:

| Matsform: | <input type="checkbox"/> Símat | <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input type="checkbox"/> Lokaverkefni |
|----------------|---|---|---------------------------------------|
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþátta | Vægi | |
| Verkefni 1 | Þjóðminjalög, Húsafriðunarnefnd og húsafriðunarsjóð, (<i>hópavinna 3-4 nemendur</i>). | 15% | |
| Verkefni 2 | Grundun, undirstöður og sökklar gólfplötur | 10% | |
| Verkefni 3 | Innveggir, gluggar,breytingar, tjón. | 7.5% | |
| Verkefni 4 | Fúi og mygla | 7.5% | |
| Lokapróf | Próf úr efni annarinnar | 60% | |
| | Samtals: | 100% | |
| Annað: | | | |

Dags. 6. jan


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils